

Ríkisaðili	Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Ábyrgðaraðili	Kristján Ásmundsson
1	<b>Kjarnastarfsemi</b> <p><b>Skólinn</b> er áfangaskóli sem býður jöfnum höndum upp á verk- og bóknám, bæði styttri brautir, brautir til starfsréttinda (8) og stúdentsprófs (7) . Ennfremur nám á framhaldsskólabrautum með nokkrum námslínunum (10) og starfsbraut fyrir fatlaða nemendur (2). Yfirlit námsbrauta má sjá í viðhengi. Vegna hins breiða nemendahóps þá er viðtæk stoðþjónusta í boði í skólanum. Skólinn er í góðu sambandi við grunnskólana á svæðinu og býður nemendum þaðan að sækja framhaldsskólaáfangi bæði bóklega og verklega og flýta þannig fyrir sér í námi. Þannig stuðlar skólinn að fljóttandi skilum milli grunn- og framhaldsskóla. Skólinn starfrækir íþróttakademíur (2). Skólanámskráin er á heimasíðunni og hún er í stöðugri endurskoðun og uppfærð reglulega. Búið er að taka upp nýjar námsbrautir en eftir er að fá námsbrautir í verklegum greinum samþykktar. Skólinn leggur áherslu á að kennarar noti námsumsjónarkerfi (INNA eða Moodle) í öllum áföngum. Lokaprófum hefur fækkað og kennarar að fara meira yfir í símat. Hafa þarf í huga mikla fjölgun íbúa á svæðinu undanfarið sem vegur upp þá fækkun í árgangi sem útlit var fyrir og vel það. Rétt er að geta þess að heildarfjöldi nemenda hefur ekki minnkað eins mikið milli ára og ráð var fyrir gert. Talsverður hluti þessarar íbúafjölgunar eru erlendar fjölskyldur sem flutt hafa á svæðið vegna atvinnutækifæra auk þeirra flóttamanna/hælisleitenda sem fyrir eru. Af þeim sökum fjölgar þeim nemendum sem tala ekki íslensku og litla sem enga ensku. Nú eru í skólanum nemendur af 18 þjóðernum, þessum hópi þarf skólinn að mæta.</p> <p><b>Ársnemendur</b> árið 2018 eru 832 sem er lítilsháttar fækkun frá því sem var. Fjöldi nemenda í upphafi haustannar var 1078 en þar af voru 160 grunnskólanemar sem taka staka áfanga</p> <p><b>Með þessum áherslum í kjarnastarfsemi tekur skólinn virkan þátt í vinnu að markmiðum stjórnvalda um</b> aðgang að fjölbreyttu námsframboði sem uppfyllir viðmið um gæði, þ.m.t. starfsnámi og að nemendur ljúki námi á tilskildum tíma miðað við aðalnámskrá 2011. Ennfremur er skólinn í markvissri vinnu við að draga úr brotthvarfi eins og fram kemur í markmiðum hér að neðan.</p>

Stefnumiðuð áætlun (stefnuskjal) til þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál nr. 123/2015

<b>Markmið 1</b>			<b>Tengist markmiði málaflokks</b>			
Efla stuðning og aðhald með nemendum til að draga úr brotthvarfi úr námi			Fleiri nemendur ljúki prófi á tilsettum tíma			
<b>Mælikvarðar</b>	<b>Gögn lögð til grundvallar</b>	<b>Staða 2017</b>	<b>Staða 2018</b>	<b>Viðmið 2019</b>	<b>Viðmið 2020</b>	<b>Viðmið 2021</b>
Hlutfall nýnema sem er enn í námi eftir fjórar annir	Gögn úr nemendabókhaldi.	<b>Gagna aflað</b>	<b>68,5%</b>	<b>Yfir 70%</b>	<b>Yfir 70%</b>	<b>Yfir 70%</b>
Brotthvarf nemenda í áföngum sem hlutfall af heildarfjölda	Nemendaskráning og niðurstöður prófa.	<b>Vor 9,6% Haust 9,2%</b>	<b>Vor 8,8%</b>	<b>Vera undir 9%</b>	<b>Vera undir 9%</b>	<b>Vera undir 8,8%</b>
Fjöldi nemenda sem hættir alveg í skóla sem hlutfall af heildarfjölda	Nemendaskráning	<b>Vor 45 (4,9%) Haust 60 (6,2%)</b>	<b>Vor 56 (6,8%)</b>	<b>Vera undir 6,5%</b>	<b>Vera undir 6,4%</b>	<b>Vera undir 6,3%</b>
<b>Aðgerðir</b>		<b>Upphaf</b>	<b>Lok</b>	<b>Kostnaður 2019</b>	<b>Kostnaður 2020</b>	<b>Kostnaður 2021</b>
Skipuleggja námsver þar sem koma má til móts við nemendur af erlendum uppruna sem eiga í vandræðum með bóklegan hluta náms		Haust 2018		<b>700.000</b>	<b>721.000</b>	<b>745.000</b>
Auka stuðning við nemendur af erlendum uppruna (verkefnastjórn, átaksverkefni)		Haust 2018		<b>2.000.000</b>	<b>2.100.000</b>	<b>2.200.000</b>
Aukið utanumhald með nemendum á framhaldsskólabraut (Nemó)		Haust 2018		<b>720.000</b>	<b>740.000</b>	<b>765.000</b>
<b>Markmið 2</b>			<b>Tengist markmiði málaflokks</b>			
Bæta námsárangur og ástundun nemenda þannig að fleiri nemendur ljúki prófi á tilsettum tíma			Nemendum í öllum landshlutum hafi aðgengi að fjölbreyttu bók- og starfsnámi sem uppfyllir kröfur næsta skólastigs og/eða atvinnulífs			
<b>Mælikvarðar</b>	<b>Gögn lögð til grundvallar</b>	<b>Staða 2017</b>	<b>Staða 2018</b>	<b>Viðmið 2019</b>	<b>Viðmið 2020</b>	<b>Viðmið 2021</b>
Hlutfall mætinga (raunmæting)	Upplýsingar úr nemendabókhaldi		<b>Vor 82%</b>	<b>83%</b>	<b>84%</b>	<b>85%</b>
Líðan nemenda í áföngum Mælikvarði 1 – 5.	Upplýsingar úr kennslumati	<b>Vor 4,5 Haust 4,24</b>	<b>Vor 4,37</b>	<b>Vera yfir 4,3</b>	<b>Vera yfir 4,3</b>	<b>Vera yfir 4,3</b>
Hvatning kennara til nemenda Mælikvarði 1 – 5.	Upplýsingar úr kennslumati	<b>Vor 4,25 Haust 4,12</b>	<b>Vor 4,18</b>	<b>Vera yfir 4,1</b>	<b>Vera yfir 4,1</b>	<b>Vera yfir 4,1</b>

Stefnumiðuð áætlun (stefnuskjal) til þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál nr. 123/2015

Hlutfall þeirra sem skrá sig á stúdentsbrautir og ljúka námi á tilsettum tíma	Nemendaskráning	<b>Gagna aflað</b>	<b>33%</b>	<b>36%</b>	<b>40%</b>	<b>44%</b>
<b>Aðgerðir</b>		<b>Upphaf</b>	<b>Lok</b>	<b>Kostnaður 2019</b>	<b>Kostnaður 2020</b>	<b>Kostnaður 2021</b>
Efla metnað og framtíðarsýn nemenda og gera þeim grein fyrir mikilvægi góðs námsárangurs með því að láta þau gera námsferilsáætlun í upphafi skólagöngu og viðhalda henni allt til loka.		Haust 2017		Óverulegur	Óverulegur	Óverulegur
Útfæra umbunarkerfi fyrir þá nemendur sem annarsvegar mæta vel og hinsvegar standa sig vel í námi.		Haust 2018		250.000	250.000	250.000
Umræður á kaffihúsafundum þar sem allir starfsmenn taka þátt og ræða leiðir til að ná markmiði 2.		Haust 2018		Óverulegur	Óverulegur	Óverulegur
<b>Markmið 3</b>			<b>Tengist markmiði málaflokks</b>			
Nemendur af svæðinu hafi aðgang að fjölbreyttu bók- og starfsnámi sem uppfyllir kröfur næsta skólastigs og/eða atvinnulífsins.			Nemendum bjóðist heildstætt og markvisst starfsnám			
<b>Mælikvarðar</b>	<b>Gögn lögð til grundvallar</b>	<b>Staða 2017</b>	<b>Staða 2018</b>	<b>Viðmið 2019</b>	<b>Viðmið 2020</b>	<b>Viðmið 2021</b>
Hlutfall nýnema af svæðinu sem velja að innritast í FS að hausti	Gögn frá Hagstofu Íslands og úr nemendabókhaldi	79%	76%	80%	82%	84%
<b>Aðgerðir</b>		<b>Upphaf</b>	<b>Lok</b>	<b>Kostnaður 2019</b>	<b>Kostnaður 2020</b>	<b>Kostnaður 2021</b>
Efla kynningu á verknámi í grunnskólum með því að bjóða uppá verknámsáfangu í vali fyrir grunnskólanemendur í 9. og 10. bekk.		Haust 2018		100.000	120.000	140.000
Bjóða uppá smiðjur í verklegum áföngum í samstarfi við vinnuskóla Reykjanesbæjar og nágrennasveitarfélaga		Vor 2017		50.000	50.000	50.000
Efla fljótandi skil milli grunnskóla og framhaldsskóla með því að bjóða uppá fjölbreytt úrval valáfanga fyrir grunnskólanemendur		Haust 2018		óverulegt	óverulegt	óverulegt
Bjóða uppá grunnnám matvælagreina		Haust 2019		400.000	450.000	450.000

2	Rekstrarþættir
	<p><b>Mannauður:</b> Fjöldi starfsmanna er 94, þar af eru kennarar 60, þroskaþjálfar og ráðgjafamenntaðir starfsmenn eru 3, námsráðgjafar 3 og stjórnendur 4 auk þess eru 7 stundakennarar. Annað starfsfólk sem sér um skrifstofu, bókasafn, húsvörslu, stuðningsfulltrúar og starfsfólk í eldhúsi eru 17 talsins. Ræsting er boðin út og er í verktöku. Heildarársverk við skólann eru 90.</p> <p>Meðalaldur kennara, miðað við skólaárið, er 50,87 ár. Það eru 16 kennarar yfir 60 ára aldri og 11 til viðbótar eru milli 55 og 60 ára, þannig að tæpur helmingur kennara er yfir 55 ára aldri. Kynjaskiptingin í kennarahópnum er jöfn. Það eru 7 kennarar sem eru án kennsluréttinda en allir með fagréttindi. Ársverk í kennslu eru 70.</p> <p><b>Stjórnun:</b> Skipurit skólans fylgir í viðhengi. Í yfirstjórn eru skólameistari (karl), aðstoðarskólameistari (kona) og tveir (1,75 stöðugildi) áfangastjórar (karl og kona) kynjahlutföll eru jöfn og meðalaldur á skólaárinu er 54,25 ár. Ársverk við stjórnun eru 3,75. Fjármálastjóri er kona sem er 41 árs. Sviðsstjórar (millistjórnendur) eru 5, 3 konur og tveir karlar (í 10% hlutfalli hver).</p> <p><b>Þjónusta:</b> Námsráðgjafar eru 3 konur í 2.7 stöðugildum, meðalaldur þeirra er 43,3 ár. Áfangastjóri fyllir upp í fulla stöðu með því að gegna námsráðgjöf í 25% starfi þannig að skólinn er með þrjú stöðugildi í námsráðgjöf.</p> <p><b>Stefnur birtar á heimasíðu skólans:</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>• Starfsmannastefna</li><li>• Forvarnastefna</li><li>• Manneldisstefna</li><li>• Umhverfisstefna</li><li>• Jafnréttisstefna</li><li>• Heilsustefna</li><li>• Áætlun gegn einelti</li><li>• Viðbrögð við áföllum</li><li>• Viðbrögð við brunabjöllum/viðvörunarbjöllum</li><li>• Viðbrögð vegna inflúensu</li></ul> <p><b>Innramatskerfi:</b></p> <p>Í skólanámskrá hafa verið sett fram markmið og er reglulega kannað hvort þau hafi náðst.</p> <p>Á hverri önn eru ólíkir þættir skólastarfsins metnir en kennslumat fer þó alltaf fram þar sem kennsla um fjórðungs kennara er metin í hvert skipti. Starfsmannaviðtöl viðkomandi kennara og skólastjórna fara fram í kjölfar kennslumatsins.</p>

Stefnumiðuð áætlun (stefnuskjal) til þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál nr. 123/2015

<p><b>Ytra mat:</b> Haustið 2016 gerði menntamálaráðuneytið síðast úttekt á sjálfsmatsaðferðum FS og uppfyllir skólinn bæði viðmið ráðuneytisins um sjálfsmatsaðferðir og um framkvæmd sjálfsmats. Í framhaldi af því var skilað inn til mrn. úrbótaáætlun sem komin er til framkvæmda.</p>							
<b>Markmið 1</b>		Aukin stoðþjónusta til að sporna gegn brotthvarfi					
<b>Mælikvarðar</b>	<b>Gögn lögð til grundvallar</b>	<b>Staða 2017</b>	<b>Staða 2018</b>	<b>Viðmið 2019</b>	<b>Viðmið 2020</b>	<b>Viðmið 2021</b>	
Fjöldi mætingasamninga	Upplýsingar frá nemendastjóra	Haust: 125	Vor: 128	Undir 130	Undir 125	Undir 120	
Fjöldi klst. á önn sem fer í skilgreinda stoðþjónustu (Nemó, Hvat og stoðtímar fyrir erlenda nemendur)	Upplýsingar úr bókhaldi og Innu		Haust 165 klst.	Vor 165 klst. Haust 200 klst.	Vor 200 klst. Haust 250 klst.	Vor 250 klst. Haust 250 klst.	
<b>Aðgerðir</b>		<b>Upphaf</b>	<b>Lok</b>	<b>Kostnaður 2019</b>	<b>Kostnaður 2020</b>	<b>Kostnaður 2021</b>	
Verkefnastjóri sem sér um utanumhald með mætingum nemenda í því skini að sporna gegn brotthvarfi		Haust 2017	2020	2.200.000	2.300.000	2.400.000	
Sálfræðiþjónusta í skólanum, samningur við fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar (rekstrarkostnaður)		Haust 2016		6.000.000	6.100.000	6.200.000	
Utanumhald með Nemó og utanumhald með Hvat		Haust 2018		2.600.000	3.300.000	3.700.000	
Verkefnastjóri sem sér um nemendur af erlendum uppruna		Haust 2018		240.000	250.000	260.000	
<b>Markmið 2</b>		Bætt nýting fjármuna					
<b>Mælikvarðar</b>	<b>Gögn lögð til grundvallar</b>	<b>Staða 2017</b>	<b>Staða 2018</b>	<b>Viðmið 2019</b>	<b>Viðmið 2020</b>	<b>Viðmið 2021</b>	
Niðurstaða rekstraráætlunar	Upplýsingar úr bókhaldi	Jákvæð	Væntanlega jákvæð	Jákvæð	Jákvæð	Jákvæð	
<b>Aðgerðir</b>		<b>Upphaf</b>	<b>Lok</b>	<b>Kostnaður 2019</b>	<b>Kostnaður 2020</b>	<b>Kostnaður 2021</b>	
Gera áætlun um endurnýjun og viðhald á tölvubúnaði, öll tölvukaup gegnum ríkisútboð.		Vor 2017		Óverulegur	Óverulegur	Óverulegur	
Gera áætlun um endurnýjun húsbúnaðar.		Haust 2017		Óverulegur	Óverulegur	Óverulegur	
Áætlun um þörf á endurnýjun og nýkaupum á tækjum og tólum til kennslu		Vor 2018		Óverulegur	Óverulegur	Óverulegur	

Stefnumiðuð áætlun (stefnuskjal) til þriggja ára  
sbr. 31. gr laga um opinber fjármál nr. 123/2015

	Vinna markvisst að því að gera nemendur og starfsfólk meðvitað um mikilvægi þess að ganga vel um tæki og aðrar eignir skólans	Haust 2017		Óverulegur	Óverulegur	Óverulegur
<b>Markmið 3</b>	Efling mannauðs					
<b>Mælikvarðar</b>	<b>Gögn lögð til grundvallar</b>	<b>Staða 2017</b>	<b>Staða 2018</b>	<b>Viðmið 2019</b>	<b>Viðmið 2020</b>	<b>Viðmið 2021</b>
Fjöldi kennara sem fær alúð	Niðurstöður kennslumats	Haust 18 kenn.	Vor 18 kenn	15 -19	15 - 19	15 - 19
Meðaltal kennara úr kennslumati Mælikvarði 1 – 5.	Niðurstöður kennslumats	Vor 4,44 Haust 4,24	Vor 4,35	Yfir 4,25	Yfir 4,25	Yfir 4,25
<b>Aðgerðir</b>		<b>Upphaf</b>	<b>Lok</b>	<b>Kostnaður 2019</b>	<b>Kostnaður 2020</b>	<b>Kostnaður 2021</b>
Matshringur fyrir innra matið endurskoðaður		Sífelld í endurskoðun		Óverulegur	Óverulegur	Óverulegur
Endurskoða framgangskerfið vegna breytts vinnumats		Vor 2017	Haust 2018	Óverulegur	Óverulegur	Óverulegur
Endurskoðun og þróun á starfsmannaviðtölum		Vor 2018		Óverulegur	Óverulegur	Óverulegur

## Leiðbeiningar við gerð stefnumiðaðrar áætlunar (stefnuskjals) til þriggja ára

	<p><b>Almennt um skjalið</b></p> <p>Stefnan er gerð í samræmi við 31. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015. Stefnunni er ætlað að kallast á við stefnu í þeim málaflokki sem stofnun tilheyrir eins og hún birtist í fjármálaáætlun. Það er því ekki gert ráð fyrir að stefnan nái utan um starfsemi ríkisaðila í heild sinni heldur endurspegli áherslur stjórnvalda hverju sinni og geri grein fyrir því hvernig ríkisaðili mun vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið. Ríkisaðilar eru engu að síður hvattir til að vinna heildstæða stefnu fyrir starfsemi sína og nýta þætti úr henni í þessa stefnu.</p> <p>Þau markmið og mælikvarðar sem hér eru sett fram verða lögð til grundvallar við mat á árangri og ávinningi af ráðstöfun fjármuna.</p> <p>Stefna þessi verður birt á vefjum stofnunar og Stjórnarráðsins.</p>
<b>1</b>	<p><b>Kjarnastarfsemi</b></p> <p>Gera skal grein fyrir starfssviði ríkisaðila og undir hvaða málaflokk starfsemin fellur. Æskilegt er að gera grein fyrir skiptingu útgjalda eftir meginviðfangsefnum ríkisaðila og öðrum lykiltölum s.s. fjölda starfsmanna, starfsstöðva og notenda. Loks skal gera grein fyrir hlutverki ríkisaðila við framkvæmd stefnu innan málaflokksins.</p> <p>Eftir því sem við á skal fjalla um væntanlegar breytingar, t.d. á regluverki eða lýðfræðilegar breytingar sem gera má ráð fyrir að hafi áhrif á þróun starfsemi og varpað geta ljósi á þær áherslur sem birtast í stefnunni.</p>
	<p><b>Markmið (að hámarki 3)</b></p> <p>Hér eru skilgreind að hámarki þrjú deilimarkmið sem miða að framkvæmd eins eða fleiri markmiða í málaflokknum. Markmiðin eru þannig nánari skilgreining á því hvernig þeim markmiðum skuli náð.</p> <p>Leitast skal við að setja markmið sem miða að samfélagslegum ávinningi eða bættum niðurstöðum (<i>outcome</i>) fyrir almenning frekar en að leggja áherslu á framlag eða aðföng (<i>input</i>) ríkisaðila. Markmiðin skulu vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.</p>
	<p><b>Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið)</b></p> <p>Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta árangur? Hafa skal til hliðsjónar þá mælikvarða sem skilgreindir eru í stefnu fyrir málaflokk.</p> <p>Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verði aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu stjórnsýsluupplýsinga.</p> <p>Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og eftir því sem mögulegt er hver staðan er á yfirstandandi ári. Jafnframt skal skilgreina viðmið, þ.e. töluleg markmið fyrir hvert af næstu þrjú árum.</p>
	<p><b>Aðgerðir (að hámarki 3 við hvert markmið)</b></p> <p>Hvernig verður unnið að framkvæmd markmiða, áherslna og aðgerða sem fram koma í þeirri stefnu sem unnið er eftir?</p> <p>Aðgerðir geta falist í breyttum áherslum í starfi eða sérstökum verkefnum sem ýmist eru í gangi eða ráðast á í. Í einhverjum tilfellum hafa verkefni verið tilgreind í stefnu fyrir málaflokka og eru þá nánar útfærð hér. Í öðrum tilfellum þarf ríkisaðili að skilgreina aðgerðir eða verkefni sem miða að framkvæmd tiltekins markmiðs í stefnunni. Ef um er að ræða verkefni sem ná til töluvert lengri tíma en þessi stefna tekur til getur verið gagnlegt að áfanga-skipta þeim og fjalla hér um þann þátt verkefnis sem kemur til framkvæmdar á tímabilinu.</p> <p>Gera skal grein fyrir því hvenær ráðgert er að vinna við aðgerð hefst og hvenær henni skal lokið.</p> <p>Gert er ráð fyrir að allar aðgerðir rúmist innan núverandi fjárheimilda og útgjaldasvigrúmi þar sem það á við. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem stofnun fær úthlutað verður ráðstafað. Þar sem því er viðkomið skal tilgreina, fyrir hvert ár sem stefnan nær til, áætlaðan heildarkostnað eða hagræðingu vegna einstaka aðgerða sem tengjast markmiðinu.</p> <p>Gera má nánari grein fyrir aðgerðum í viðauka við þetta skjal.</p>

## Leiðbeiningar við gerð stefnumiðaðrar áætlunar (stefnuskjals) til þriggja ára

<b>2</b>	<b>Rekstrarlegir þættir</b> Gera skal grein fyrir því hvernig skipulag stofnunar styður við markmið kjarnastarfsemi og miðar að auknum gæðum. Gera skal stuttlega grein fyrir áherslum og áætlaðri þróun er varða rekstur stofnunar í breiðum skilningi. Hér er m.a. átt við stjórnsýslu, þjónustu, fjármál, gæðamál, mannauðsmál, jafnréttismál, umhverfismál og upplýsingatækni. Eftir því sem við á skal vísa til viðeigandi stefnu stjórnvalda, t.d. útvistunarstefnu ríkisins eða stefnu um vistvæn innkaup.  Loks skal gera grein fyrir því hvernig gæði og árangur í starfsemi stofnunar eru metin. Í hve ríkum mæli eru mælikvarðar notaðir? Er gert ráð fyrir því að þróa mælikvarða í átt að samhæfðu árangursmati og þá hvernig?
	<b>Markmið (að hámarki 3)</b> Tilgreina skal allt að þrjú markmið er snúa að rekstri og almennri starfsemi stofnunar og unnið verður að á tímabilinu.  Markmiðin skulu miða að því að tryggja gæði í starfsemi stofnunar eða bæta/efla/styrkja tiltekna þætti og vera skýr, mælanleg, aðgerðabundin og raunhæf.
	<b>Aðgerðir (að hámarki 3 við hvert markmið)</b> Í hvaða aðgerðir verður ráðist til að ná fram settum markmiðum? Hér getur verið um að ræða áherslur í starfi eða skilgreind verkefni.  Gera skal grein fyrir því hvenær ráðgert er að vinna við aðgerð hefjist og hvenær henni skal lokið.  Gert er ráð fyrir að allar aðgerðir rúmist innan núverandi fjárheimilda og útgjaldasvigrúmi þar sem það á við. Þetta er því ekki vettvangur til að koma á framfæri óskum um viðbótarfjármagn heldur skal hér gera grein fyrir því hvernig þeim fjármunum sem stofnun fær úthlutað verður ráðstafað. Þar sem því er viðkomið skal tilgreina, fyrir hvert ár sem stefnan nær til, áætlaðan heildarkostnað eða hagræðingu vegna einstaka aðgerða sem tengjast markmiðinu.  Gera má nánari grein fyrir aðgerðum í viðauka við þessa stefnu.
	<b>Mælikvarðar (að hámarki 3 við hvert markmið)</b> Hvaða mælikvarða hyggst stofnunin nota til að meta starfsemina?  Hvaða gögn verða lögð til grundvallar við mælingar? Ef ekki liggja fyrir nýtanleg gögn skal gera grein fyrir hvernig þeirra verði aflað, t.d. með framkvæmd kannana eða söfnun og skráningu stjórnsýsluupplýsinga.  Gera skal grein fyrir því hver staða mælikvarða var á síðastliðnu ári og eftir því sem mögulegt er hver staðan er á yfirstandandi ári. Jafnframt skal skilgreina viðmið, þ.e. töluleg markmið fyrir hvert af næstu þrjú árum.